

Lega háspennulína

Óveruleg breyting á
Aðalskipulagi Grundarfjarðarbæjar 2019-2039

Sbr. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

nóvember 2024



aia

Efnisyfirlit

1 Aðdragandi og tilgangur	2
2 Forsendur	3
3 Málsmeðferð og rökstuðningur	3
4 Breytingar á aðalskipulagsgögnum	4

Áritun

Aðalskipulagsbreyting þessi var samþykkt á fundi bæjarstjórnar Grundarfjarðarbæjar í samræmi við ákvæði 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þann 12. desember 2024.

Breyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun þann



Olafur Þórðarson

Björg Þórhildur Þórssen
Bæjarstjóriinn
Grundarfirði



Unnið af ráðgjafarfyrirtækinu Alta

alta www.alta.is


A1364-053-U02

1 Aðdragandi og tilgangur

Árin 2017-2018 var lagður nýr rafstrengur, Grundarfjarðarlína 2, frá tengivirknu Grundarfjörður, vestan Kvernár, og austur til Ólafsvíkur. Strengurinn er 66 kV jarðstrengur á vegum Landsnets. Strengurinn liggur meðfram suðurjaðri þéttbýlisins Grundarfirði. Grundarfjarðarlína 2 tók að hluta til við af eldri loftlínu, Grundarfjarðarlínu 1, sem lá áður að þéttbýlinu Grundarfirði en endar nú við tengivirknið Grundarfjörð. Legu strengjanna má sjá á mynd 1.1.

Aðalskipulag Grundarfjarðarbæjar var unnið á árunum 2016-2020. Á uppdráttum aðalskipulagsins er Grundarfjarðarlína 2 ekki sýnd og lega Grundarfjarðarlínu 1 er röng. Búið var að færa háspennulínurnar áður en aðalskipulagið var staðfest, en vegna yfirsjónar við gerð aðalskipulagsins var eldri lega háspennulína sýnd á uppdrætti. Þó var Grundarfjarðarlína 2 tilgreind í samþykktum kerfisáætlunum Landsnets áður en til framkvæmda kom, m.a. í áætlunum 2012,2013 og síðar í langtímaáætlunum 2014-2023 og 2015-2024.

Með breytingu þessari eru aðalskipulagsuppdrættir leiðréttir til samræmis við raunverulega legu strengjanna. Bæjarstjórn telur að breytingin sé þess eðlis að málsmeðferð óverulegrar breytingar, sbr. 2. mgr. 36. gr. skipulagslagar eigi við.



Mynd 1.1: úr [vefsjá Landsnets](#), blá lína sýnir legu loftlinunnar Grundarfjarðarlínu 1 og blá punktalína sýnir legu jarðstrengsins Grundarfjarðarlínu 2.

2 Forsendur

Grundarfjarðarlína 2 liggur frá tengivirknu Grundarfjörður vestan Kvernár, meðfram suðurjaðri þéttbýlisins til Ólafsvíkur. Strengurinn liggur um reiti OP-5, Íþ-4, AF-2, ÍB-5 og Íþ-1 og við suðurjaðar ÍB-3, ÍB-6 og AF-1. Grundarfjarðarlínu 2 vantar á þéttbýlisupprátt og sveitarfélagsupprátt gildandi aðalskipulags.

Grundarfjarðarlína 1 er loftlína sem liggur að tengivirknu Grundarfjörður, vestan Kvernár, sem er innan landnotkunarreits I-1 á aðalskipulagi. Á þéttbýlisupprátti aðalskipulagsins er Grundarfjarðarlína 1 sýnd liggja fram hjá tengivirknu og vestur að Ölkeldudal, í gegnum reiti OP-5, Íþ-5 og AF-2.

Fjallað er um Grundarfjarðarlínur 1 og 2 í greinargerð aðalskipulagsins og verður umfjölluninni ekki breytt, en hún er eftirfarandi:

Rafveita

Grundarfjarðarlína liggur frá aðveitustöð við Stykkishólm að aðveitustöð/tengivirki í Grundarfirði, vestan Kvernár. Línan er á 66 kV og er á vegum Landsnets. Í fyrra aðalskipulagi kemur fram að þegar til endurnýjunar kemur sé líklegt að lagður verði háspennustrengur yfir Kolgrafafjörð fyrir innan bæinn Kolgrafir. Framkvæmdin er ekki tilgreind í Kerfisáætlun Landsnets 2016-2025.

Nýtt tengivirki í Grundarfirði var reist árið 2016 á svæði I-1 og árið 2017 var lagður þaðan nýr 66 kV jarðstrengur Landsnets að fyrirhuguðu nýju tengivirki í Ólafsvík. Sá strengur nefnist Grundarfjarðarlína 2. Samhliða þessum framkvæmdum var endurnýjaður 19 kV jarðstrengur Rarik sem liggur meðfram nýja jarðstrengnum. Með þessum breytingum eykst áreiðanleiki svæðiskerfisins á Vesturlandi og afhendingaröryggi raforku batnar á Snæfellsnesi.

3 Málsmeðferð og rökstuðningur

Aðalskipulagsbreyting þessi var mótuð í samráði við Landsnet.

Sveitarstjórn telur breytinguna sem hér hefur verið lýst svo óverulega að málsmeðferð skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eigi við, enda aðeins verið að leiðréttu skipulagsgögnum til samræmis við löngu orðinn hlut. Skipulagsstofnun hefur gefið út gátlista fyrir mat á því hvort breyting á aðalskipulagi geti talist óveruleg. Þar eru settar fram spurningar sem svarað verður hér fyrir neðan. Svör við spurningunum jafngilda einnig umhverfismati breytingarinnar.

Spurning	Svar og rökstuðningur
Víkur tillagan verulega frá meginstefnu aðalskipulagsins?	<i>Nei, tillagan er í góðu almennu samræmi við stefnu skipulagsins.</i>
Er ný landnotkunarskilgreining annars eðlis eða samræmist illa núverandi ástandi eða skilgreindri landnotkun á svæðinu? Til dæmis áform um athafna- eða iðnaðarsvæði á óbyggðu landi.	<i>Nei, landnotkunin er ekki í ósamræmi við aðra landnotkun á svæðinu.</i>



Eykst umfang landnýtingar verulega umfram það sem fyrir er eða fyrirhugað samkvæmt skipulagi? Til dæmis áform um verulega aukningu á byggingarmagni eða starfsemi.	<i>Nei.</i>
Nýtur svæðið verndar svo sem vegna náttúru- og/eða menningarminja?	<i>Nei.</i>
Er stækkun reits eða landfræðilegt umfang nýs landnotkunarreits verulegt? Sem viðmið má almennt líta á 3 ha sem verulega breytingu, þótt það sé háð mati hverju sinni.	<i>Nei, framkvæmdum við lagningu strengja er lokið og aðeins er verið að leiðréttu aðalskipulag til samræmis við legu þeirra.</i>
Felur tillagan í sér ákvæði um byggingarmagn eða starfsemi sem hefur áhrif á stórt svæði?	<i>Nei, þar sem framkvæmdum við lagningu strengja er lokið og aðeins er verið að leiðréttu aðalskipulag til samræmis við legu þeirra.</i>
Er tillagan, líkleg til að hafa veruleg áhrif innan og/eða fyrir utan skipulagssvæðið? Getur til dæmis varðað umhverfisáhrif svo sem af völdum loftmengunar eða að fyrirhuguð uppbygging hafi áhrif á sambærilega landnotkun/landnýtingu annarsstaðar í sveitarfélagini eða bein áhrif á aðliggjandi svæði.	<i>Nei, framkvæmdum við lagningu strengja er lokið og aðeins er verið að leiðréttu aðalskipulag til samræmis við legu þeirra.</i>
Er breytt landnotkun eða landnýting samkvæmt tillögunni líkleg til að hafa mikil áhrif á einstaka aðila, svo sem vegna hávaða, lyktar, titrings, ryks, ásýndar eða umferðar?	<i>Nei, framkvæmdum við lagningu strengja er lokið og aðeins er verið að leiðréttu aðalskipulag til samræmis við legu þeirra.</i>
Leiðir breytt landnotkun til þess að verðmæti eða hagnýting fasteignar skerðist umfram það sem vænta má miðað við óbreytta landnýtingu eða óbreytt skipulag?	<i>Nei, framkvæmdum við lagningu strengja er lokið og aðeins er verið að leiðréttu aðalskipulag til samræmis við legu þeirra.</i>

Fallist Skipulagsstofnun á tillögu sveitarstjórnar verður tillagan staðfest og auglýst í B-deild stjórnartíðinda.

4 Breytingar á aðalskipulagsgögnum

Breyting á aðalskipulagi nær til þéttbýlisuppráttar og sveitarfélagsuppráttar. Grundarfjarðarlína 2 er færð inn á báða uppdrætti og lega Grundarfjarðarlínu 1 er leiðrétt á þéttbýlisupprætti. Í viðhengi má sjá þéttbýlisupprátt Aðalskipulags Grundarfjarðarbæjar 2019-2039, fyrir breytingu og eftir í skalanum 1:5.000, og þann hluta sveitarfélagsuppráttar sem breytingin nær til, fyrir og eftir breytingu, í skalanum 1:50.000.

Skýringar á landnotkunartáknum á uppdráttum má sjá hér á eftir:

Stefna um landnotkun


- Ibúðarbyggð (ÍB)
- Miðsvæði (M)
- Verslun og þjónusta (Vþ)
- Samfélagsþjónusta (S)
- Athafnasvæði (AT)
- Iðnaðarsvæði (I)
- Efnistöku- og efnislosunarsvæði (E)
- Frístundabyggð (F)
- Afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF)
- Íþróttasvæði (Íþ)
- Kirkjugarðar og grafreitir (K)
- Opin svæði (OP)
- Flugvellir (FV)
- Hafnir (H)
- Landbúnaðarsvæði (L)
- Skógræktar og landgræðslusvæði (SL)
- Óbyggð svæði (ÓB)
- Vötn, ár og sjór (V)
- Vatnsból (VB)
- Skipulagsmörk
- - - Péttbýlismörk
- Stofnvegur / stofnbraut
- Tengivegur / tengibraut
- Gönguleið
- Hjólaleið
- Reiðleið
- Ⓐ— Veitur, neysluvatn
- Ⓑ— Veitur, hitaveita
- Ⓒ— Veitur, rafmagn
- Ⓓ— Veitur, ljósleiðari

Takmarkanir á landnotkun

- Friðlyst svæði (FS)
- Minjaværnd (MV)
- Önnur náttúruvernd (ÖN)
- Hverfisvernd (HV)
- Vatnsvernd, grannsvæði (VG)
- Vatnsvernd, fjarsvæði (VF)
- Náttúrvá (NV)
- Vernd Breiðafjarðar, ystu mörk
- Grunnur, án bindandi ákvæða
 - Bíli
 - Aðrir vegir
 - Bakkar tjarna, áa og lækja
 - Hæðarlínur (hvítar línur)




0 1 2 km



Hluti sveitarfélagsuppdráttar
Aðalskipulags Grundarfjarðarbæjar 2019-2039
fyrir óverulega breytingu
Skali 1:50.000




0 1 2 km



Hluti sveitarfélagsuppráttar
Aðalskipulags Grundarfjarðarbæjar 2019-2039
eftir óverulega aðalskipulagsbreytingu vegna legu háspennulína
Skali 1:50.000



0 250 500 m





0

250

500 m

